

## 053/01 - Snorri Sturluson RE 219

Snorri Sturluson RE 219, skipverji slasast er hann fellur í stiga

### Snorri Sturluson RE 219

Skipaskr.nr.: 1328

Smíðaður: San Juan Spáni 1973 Stál

Stærð: 1.096,00 brl; 1.464,00 bt

Lengd: 74,62 m Breidd: 11,60 m Dýpt: 7,50 m

Vél: Wertsile 2.460,00 kW Ágerð: 1996

Annað:

Földi skipverja: 26



### Atvikalýsing

Þann 9. júní 2001 var b.v. Snorri Sturluson að togveiðum.

Tveir skipverjar voru að störfum við frystitæki skipsins. Í lok vaktar þurftu þeir að fara í frystilest til að ganga frá kössum með frosum fiski sem þeir höfðu áður komið í lestina. Þeir hlupu niður stigann í lestina, en þegar annar skipverjinn var kominn nær niður stigann rann hann til og féll með þeim afleiðingum að annar fótur hans sat fastur á milli þepa.

Skipverjinn marðist og snérist á ökkla. Þeim slasaða var komið undir læknishendur er komið var til hafnar tveimur dögum seinna.

### Við rannsókn kom fram

- að mikill afli var kominn í lestina;
- að fremur stutt var niður á stæðurnar í lestinni;
- að stiginn var með eðlilegum halla;
- að gataplötur með brúnum voru í þrepum;
- að skipverjinn fór hratt niður stigann;
- að skipverjinn snéri baki í þrepin.

### Nefndarálit

Nefndin telur að orsök slyssins megi rekja til óvarkárni hins slasaða. Mikilvægt er að menn fari varlega í stigum og snúi að þrepum